



**Almennt rannsóknarleyfi til handa
Dr. Roy Price, University of Southern California í Los Angeles,
Bandaríkjunum,
til grunnrannsókna á örverum á jarðhitasvæðum í Eyjafirði**

Í samræmi við 34. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, og í samræmi við reglur um veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum, nr. 234/1999, og í samræmi við 2. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, 2. gr. laga um Orkustofnun, nr. 87/2003 og 2. og 5. gr. reglugerðar um Orkustofnun, nr. 400/2009, veitir Orkustofnun hér með Dr. Roy Price við University of Southern California í Los Angeles, Bandaríkjunum, hér eftir nefndur leyfishafi, almennt rannsóknarleyfi til grunnrannsókna á örverum á jarðhitasvæðum í Eyjafirði.

Leyfið er gefið út með þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu svo og þeim skilyrðum öðrum sem tilgreind eru í leyfi þessu og sett eru af Orkustofnun samkvæmt lögum og reglugerð um stofnunina.

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var haft samráð við umhverfis- og auðlindaráðuneyti í samræmi við 1. mgr. 34. gr. laga nr. 57/1998.

1. gr.

Almennt

Leyfið tekur til grunnrannsókna á örverum á rannsóknarsvæðinu, sbr. 4. gr. Leyfið felur í sér heimild til handa leyfishafa til að framkvæma grunnrannsóknir á örverum á viðkomandi svæði á leyfistímanum í samræmi við rannsóknaráætlun, sbr. 3. gr. leyfisins.

Leyfið felur ekki í sér heimild til nýtingar á jarðhita á umræddu svæði né fyrirheit um forgang að slíkri nýtingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 73/1990.

Leyfið er ekki sérleyfi og takmarkar ekki rétt Orkustofnunar til að veita öðrum leyfi til leitar, rannsókna eða nýtingar/efnistöku á sama svæði á gildistíma þessa leyfis eða síðar.

2. gr.

Gildistími

Leyfið gildir frá 1. til 31. júlí 2013, enda hafi leyfishafi lagt fram tryggingu, sbr. 10. gr. leyfis þessa.



3. gr.

Rannsóknaráætlanir

Leyfishafa ber að haga rannsóknnum á leyfissvæðinu í samræmi við innsend gögn. Hann skal árlega gera Náttúrufræðistofnun grein fyrir niðurstöðum rannsókna.

Í meðfylgjandi umsókn leyfishafa, ásamt fylgiskjölum hennar, er gerð grein fyrir helstu rannsóknnum sem hann áformar á grundvelli leyfisins. Sé vikið verulega frá þessari áætlun skal Orkustofnun gerð grein fyrir því og getur stofnunin krafist þess að leyfishafi sendi inn umsókn um breytingu á leyfi eða sæki um nýtt leyfi.

4. gr.

Staðarmörk svæðis

Leyfið nær til rannsókna á hverastrýtum í sjó í Eyjafirði sbr. kort meðfylgjandi umsókn og rannsókna á hverum á landi á Eyjafjarðarsvæðinu sbr. svæði C 9 í Viðauka með reglum nr. 234/1999 og fjallað er um í vísindagrein eftir Hrefnu Kristmansdóttur og Sigfús J. Johnsen meðfylgjandi umsókn.

Leyfishafi skal gæta þess að raska ekki sérstökum eða sjaldgæfum jarðmyndunum á rannsóknarsvæðunum með sérstaka áherslu á að lágmarka áhrif á hverastrýtur við sýnatökuna.

5. gr.

Réttindi leyfishafa

Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita leyfishafa óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á og ber landeiganda eða umráðamanni að hlíta hvers konar af landi og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsókna í samræmi við leyfi þetta, sbr. 1. og 2. mgr. 26. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

6. gr.

Skýldur leyfishafa

Við rannsóknir samkvæmt leyfi þessu skal leyfishafi gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skal leyfishafi gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki að óþörfu. Þá skal leyfishafi forðast eins og kostur er að skerða heildarsýn náttúruminja og náttúrfars á svæðinu, sbr. 8. gr. leyfisins.

7. gr.

Tillit til nýtingar og annarrar starfsemi

Leyfishafi skal við leit og rannsóknir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu og aðra starfsemi annarra aðila í nágrenni leitar- og rannsóknasvæða, taka tillit til og hafa samráð við þá aðila.

8. gr.

Umhverfissjónarmið

Ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd gilda eftir því sem við á um leit og rannsóknir samkvæmt leyfi þessu.

Leyfishafi skal gæta þess að raska ekki náttúruverndarsvæðum né sérstökum jarðmyndunum og vistkerfum á leitar- og rannsóknasvæðum, sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Leyfishafi skal að öðru leyti taka tillit til umhverfissjónarmiða við leit og rannsóknir samkvæmt leyfi þessu. Þá skal leyfishafi gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Sérstaklega skal þess gætt að olía og önnur spilliefni fari ekki í sjó og skal leita heimildar annarra stjórnvalda um meðferð slíkra efna eins og við á.

9. gr.

Eftirlit

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur, samkvæmt 34. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, eftirlit með framkvæmd leyfis þessa.

10. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda

Leyfishafi skal veita Náttúrufræðistofnun Íslands allar upplýsingar um sýnatökur og niðurstöður rannsókna á örverum sem safnað hefur verið á jarðhitasvæðum.

Leyfishafi skal ári eftir að sýnasöfnun lýkur senda Náttúrufræðistofnun Íslands skýrslu þar sem koma upplýsingar um niðurstöður rannsókna. Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að kveða nánar um upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa.

11 gr.

Skaðabótaskylda

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af rannsóknum á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Áður en leyfið er veitt skal leyfishafi sýna fram á að hann hafi tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi vegna tjóns sem kann að hljótast af rannsóknum hans almennt.

12. gr.

Afturköllun

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á, eða samningum sem tengjast leyfinu.

Verði eftirlitsaðili var við brot leyfishafa á lögum, reglugerðum eða ákvæðum leyfis þessa skal hann þá veita leyfishafa skriflega viðvörðun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörðun skal afturkalla leyfið.

13. gr.

Önnur leyfi

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Um rannsóknir samkvæmt leyfinu gilda auk laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, náttúruverndarlög, nr. 44/1999, þjóðminjalög, nr. 107/2001, og önnur lög er varða rannsóknir á jarðrænum auðlindum.

Leyfi þetta undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna rannsókna sinna sem að öðru leyti er mælt fyrir um í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu eða öðrum lögum sem rannsóknirnar falla undir.

14. gr.

Leyfisgjald

Leyfishafi skal greiða kr. 41.500 gegn afhendingu leyfisbréfs þessa sbr. 34. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum.

Reykjavík, 23. apríl 2013



Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri.

Fylgiskjöl: Umsókn leyfishafa.